

# Breytingar á vísunum

Lagðar fyrir á ársfundi Sjálfbærni-Verkefnisins 2019

## 1.1 Kynjahlutfall í vinnuafli

A - liður

Er nú:

- Landsvirkjun: 60% karlar og 40% konur árið 2015
- Fjarðaál: 50% karlar og 50% konur árið 2015

Verður:

- Landsvirkjun: 60% karlar og 40% konur árið 2021
- Fjarðaál: 50% karlar og 50% konur árið 2025

Rökstuðningur: Uppfærð markmið í jafnréttisstefnu fyrirtækjanna.

## 1.6 Íslenskum lögum og reglugerðum fylgt

Hvað er mælt:

Er nú: Fjöldi atvika á ári þar sem lögum og reglum er ekki fylgt.

Verður: Fjöldi frávika frá starfsleyfum

Áætlun um vöktun:

Er nú: Fjarðaál og Landsvirkjun fylgjast með þessum mælikvarða. Hvert atvik verður skráð.

Verður: Talin eru frávik sem koma fram í reglubundnu eftirliti Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

Rökstuðningur: Fyrri mælikvarði er of vítt skilgreindur og óraunhæfur. Fylgst hefur verið með fjölda athugasemda sem hafa komið fram vegna starfsleyfis og er það í samræmi við forsendur fyrir vali á vísunum sem vísað er til starfsleyfis.

## 1.12 Vinnumarkaðurinn

Áætlun um vöktun

A- liður

Er nú: Starfsmannasvið Landsvirkjunar og mannauðsteymi Fjarðaáls safna þessum upplýsingum jafnóðum. Verktakar skila upplýsingum til þeirra starfsmanna innan fyrirtækja sem bera ábyrgð á vísunum

Verður: Starfsmannasvið Landsvirkjunar og mannauðsteymi Fjarðaáls safna þessum upplýsingum jafnóðum.

Rökstuðningur: Ógerlegt er að nálgast gögn frá verktökum.

## 2.04 - Rof í árbakka Jökulsár í Fljótsdal og Lagarfljóts

Vöktunaráætlun:

Er nú: Sniðmyndir eru teknar á árbakka á völdum stöðum og merktar inn á kort. Mælingar verða framkvæmdar á fimm ára fresti.

Verður: Árlegar mælingar eru gerðar frá viðmiðunarpunkti (hæll) að bakkabrún. Samhliða eru myndir teknar af bakka.

Rökstuðningur: Hælar voru settir niður 2005 sem núllpunktar. Hælar geta týnst og þá er settur nýr núllpunktur. Mælt árlega.

## 2.09 – Olíu og efnalekar vegna framkvæmda og starfsemi

Hvað er mælt:

Er nú: Fjölda atvika á ári með lekum yfir 20 lítra og lekum yfir 2000 lítra bæði á landi (virkjun og álver) og frá flutningaskipum sem eru við festar í höfn Fjarðabyggðar. (Áhrif framkvæmda: bein).

Verður: Fjölda atvika á ári með lekum yfir 20 lítra og lekum yfir 100 lítra bæði á landi (virkjun og álver) og frá flutningaskipum sem eru við festar í höfn Fjarðabyggðar. (Áhrif framkvæmda: bein).

Markmið:

Er nú: 0 lekar yfir 20 lítrar – 0 lekar yfir 2.000 lítrar

Verður: 0 lekar yfir 20 lítrar – 0 lekar yfir 100 lítrar

Rökstuðningur: Samkvæmt íslenskri reglugerð 884 gr. 61 er viðmið 100 lítrar en grunnviðmið Alcoa er 20 lítrar.